

**Nd.**

**110. Breytingartillaga**

**[7. mál]**

við frv. til laga um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.

**Frá Magnúsi Kjartanssyni.**

**Á eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr., svo hljóðandi:**

Ríkisstjórnin skal skipa nefnd, er í eiga sæti líffræðingur, jarðvegsfræðingur og aðrir sérfræðingar, til þess að safna vitneskju um mengun frá olíuhreinsunarstöðvum og um hættu á mengunarslysum í sambandi við starfrækslu þeirra. Skal nefndin gera grein fyrir niðurstöðum sínum, áður en teknar verða endanlegar ákvarðanir um byggingu olíuhreinsunarstöðvar. Kostnaðurinn við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.